REYKJAVÍKURBLAÐIÐ

- 1. DESEMBER 2018 -

7. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR

ÞINGMENN SEM NÍÐA KONUR EN HRÓSA SÉR FYRIR SPILLINGU

- HRÓSA EIGIN KLÆKJUM OG SPILLINGU VIÐ SKIPAN SENDIHERRA
- NÍÐA OG HLUTGERA ÞINGKONUR
- TALA NIÐRANDI UM ALMENNA BORGARA
- REYNDU AÐ LJÚGA UM AFHJÚPANIR
- TELJA SIGMUND DAVÍÐ OF GÓÐAN MANN

- TÆPLEGA FJÖGURRA STUNDA UPPTAKA SEND Á DV, KVENNABLAÐIÐ OG STUNDINA

ÍTARLEG YFIRFERÐ Á BLS 10, 11, 12 OG 14

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavik - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Beislaðu hávaðan með Ecophon

Ecophon SOLO plöturnar hafa reynst einstaklega vel þar sem þær hafa verið notaðar t.d. á heimilum, skrifstofum og í opnum rýmum.

Ecophon SOLO plöturnar draga úr bergmáli og glymjanda og hjálpa til að gera rýmið notalegt og þægilegt án þess að spilla útlitinu.

Það þarf ekki að heilklæða loftið til að fá góða hljóðvist í hvert rými, með Ecophon solo er nóg að nota 30-40 % af loftafleti.

Ecophon bíður einnig upp á frábærar hljóðlausnir sem virka og endast fyrir kennslustofur, leikskóla og alla staði þar sem glymjandi er mikill.

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • www.altak.is

7. tölublað 1. árgangur
Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Atli Þór Fanndal, netfang: atli@thorfanndal.com, sími: 888 2103 **Blaðamaður:** Ásgeir H Ingólfsson, netfang: asgeirhi@gmail.com **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 50.000 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur.
Vefútgáfa PDF: www. fotspor.is

Fríblaðinu er dreift í 50.000 eintökum í allar búðir í Reykjavík og á Seltjarnarnesi

Stofnaður verði klasi viðbragðsaðila

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vill að stofnaður verði klasi allra viðbagðsaðila á landinu. Þetta er meðal niðurstaða málþings sem landssambandið hélt síðastliðinn fimmtudag með viðbragðsaðilum og fjallaði um sameiginlega fræðslu- og þjálfunaraðstöðu viðbragðsaðila. „Viðbragðsaðilar kynntu sín þjálfunar- og fræðslumál og töluðu allir um nauðsyn þess að koma á laggirnar sameiginlegri aðstöðu á þessu sviði,“ segir í tilkynningu landssambandsins.

„Niðurstaða málþingsins var sú að stofnaður verði klasi viðbragðsaðila til að þróa verkefnið áfram, leita staðsetningar og fjármögnunar. Nýta skal þá góðu aðstöðu sem er til staðar hjá viðbragðsaðilum til að auka samvinnu og bæta þjálfun. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna mun óska eftir tilnefningum frá viðbragðsaðilum til að ákveða næstu skref.“

Göngugötur í miðborginni á aðventu

Eins og undanfarin ár verður völdum götum í miðborginni breytt í göngugötur hluta úr aðventunni. Tímabil göngugatna í ár helst í hendur við lengdan afgreiðslutíma verslana í miðborginni og verður því að þessu sinni frá 13. desember til 23. desember.

Göngugötusvæðið verður eins og áður Laugavegur og Bankastræti milli Vatnsstígs og Þingholtsstrætis, Skólavörðustígur neðan Bergstaðastrætis, Austurstræti auk Veltusunds og Vallarstrætis og Pósthússtræti með fyrirvara um að Tryggvagata verði opin á tímabilinu.

Átta milljarða plús

A-hluti Reykjavíkurborgar var rekinn með ríflega átta milljarða jákvæðri niðurstöðu fyrstu níu mánuði þessa árs samkvæmt árshlutareikningi sem kynntur var í borgarráði síðastliðinn fimmtudag. Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar er fyrir tímabilið janúar - september 2018. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 8.166 milljónir króna en niðurstaðan skýrist meðal annars af hærri tekjum af sölu byggingarréttar, sem var 3.099 milljónum króna umfram áætlun.

Rekstur Reykjavíkurborgar skiptist í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, sem heldur utan um rekstur fagsviða og Eignasjóð.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 15.243 milljónir króna. Heildareignir samstæðunnar námu í lok september 619.908 milljónum króna, heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 315.500 milljónir króna og eigið fé var 304.409 milljónir króna.

Listasafns Reykjavíkur á fullveldisdaginn

Í tilefni af aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands býður Listasafn Reykjavíkur upp á skemmtilegar leiðsagnir og leiki fyrir fjölskyldurí dag 1. desember. Farið verður í ratleik í Ásmundarsafni, siglingu um verk Kjarvals á Kjarvalsstöðum og boðið er upp á nýstárlega leiðsögn um fullveldissöguna þegar hjólað verður á milli listaverka og minnismerkja í samvinnu við félagið Hjólafærni.

Ókeypis aðgangur er á alla viðburðina.

Leiðsögn á hjóli um sögu fullveldisins

Kl. 10.15-12.00 - Hjólatúrinn hefst á Hlemmi

Félagið Hjólafærni og Listasafn Reykjavíkur taka höndum saman og bjóða upp á hjólatúr með leiðsögn. Hjólað verður á milli listaverka og minnisvarða sem tengjast sögu fullveldisins með ýmsum hætti. Staldrað verður við og sagt frá því sem fyrir augu ber.

Fullveldisdagurinn: Leitin að verki Ásmundar frá 1918

Kl. 13.00 í Ásmundarsafni

Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkarði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni þar á meðal verk höggvin úr tré, steinsteypu og brons. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verkið og sett upp víða um land.

Siglt um sýningu Kjarvals í fortíð og framtíð

Kl. 15.00 á Kjarvalsstöðum

Siglt um sýningu Kjarvals í fortíð og framtíð – fjölskylduleiðsögn og Þingvallamósaíksmiðja í tengslum við sýninguna Jóhannes S. Kjarval: ...lífgjafi stórra vona. Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972) er einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar og arfleifð hans lifir í fjölbreyttu lífsverki sem nær yfir fjölda málverka af náttúru landsins, kynjaverum sem þar leynast og fólkinu í landinu.

BIEBER OG BOTNRASSA Í BRETLANDI EFTIR HARALD F. GÍSLASON

„SPENNA, HASAR OG HAMINGJA!“

IG, Mbl. um Bieber og Botnrassa

★★★★½

Ingveldur Geirsdóttir,
Morgunblaðinu
(um Bieber og Botnrassa)

„Spennandi og grípandi, hún heldur lesandanum algerlega við efnið.“
María Bjarkadóttir, bokmenntir.is
(um Bieber og Botnrassa)

„Spennandi, falleg og fyndin!“
Matthildur Beck, Krakka-Kiljunni
(um Bieber og Botnrassa)



Hljómsveitin Botnrassa er á leið til Bretlands að keppa fyrir Íslands hönd um að komast á alheimstúr með sjálfum Justin Bieber. Krakkarnir eru yfir sig spenntir en ein mamman er uggandi út af fréttum af hugsanlegri hryðjuverkaógn. Þau reyna að hrista af sér þessar áhyggjur en hver er alltaf að senda þeim þessa skrýtnu tölvupósta frá netfanginu worldvictory@gmail.com?
Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Bieber og Botnrassa!

BJARTUR

BJARTUR-VEROLD.IS

Margar raddir Bókin birtir okkur margar raddir, bæði Magnúsar sjálfs, stórskálda heimsbókmenntanna og dagbókarskrifa alþýðufólks. Stjarna bókarinnar er þó Guðbjörg Jónsdóttir, húsfreyja á Broddanesi, sem slær mörgum höfundum heimsbókmenntanna rækilega við."

Atvinna
Set röraverksmiðja

Starfsmaður á kynningar og markaðssvið
Við leitum að einstaklingi til starfa við kynningar- og markaðssvið fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf við fjölbreytt verkefni tengd kynningu fyrirtækisins á innlendum og erlendum markaði.

Helstu viðfangsefni starfsins eru:
• Uppsetning og hönnun á prentuðu kynningarefni.
• Innsetning og uppfærsla á efni fyrir vefsíðu.

Viðkomandi þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur:
• Kunnátta á Adobe Illustrator og Photoshop kerfin.
• Hafa góða þekkingu og reynslu af CMS kerfum á borð við Wordpress.
• Gott auga fyrir útliti og uppsetningu á texta og myndum.
• Sveigjanleiki og færni í samvinnu við aðra.
• Gott vald á bæði ritaðri og talaðri enskri og íslenskri tungu.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:
• Ferilskrá.
• Ferilmappa með samantekt af fyrri verkum.
• Mynd af umsækjanda.

Áhugasamir sæki um fyrir 1. desember nk. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef Set; set.is/atvinna.
Set hefur vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 og hefur hlotið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Gott starfsumhverfi og mötuneyti er á staðnum.

Set ehf. | Eyravegur 41 | 800 Selfoss | Sími: 480 2700 | set@set.is | www.set.is

Glósubók ljóðskálds

Magnús Sigurðsson hefur bæði ort ljóð og þýtt í gegnum árin – í Tregahandbókinni kveðast ljóðskáldið og þýðandinn á.

Magnús Sigurðsson hefur gefið út sex ljóðabækur, þrjár ljóðaþýðingar, ritgerðasafn og smásagnasafn – og þessi upptalning skiptir máli þegar rætt er um hans sjöttu ljóðabók, Tregahandbókina. Magnús hefur áður blandað eigin ljóðum saman við þýðingar, en í þessari bók mætast allir þessir þræðir (að smásögunni undanskilinni), þræðir frumsaminna ljóða og ljóðaþýðinga, og bókin öll er ákveðinn vísir að ritgerð sem mögulega verður aldrei skrifuð.

Þetta er í raun eins og glósubók ljóðskálds að læra sína bókmenntafræði, hvort sem er í skóla eða sjálfsnámi. Eins og allar góðar glósubækur blandast hér saman beinar tilvitnanir, eigin hugleiðingar og útúrdúrar – þið vitið, þessir sem verða til þegar manni leiðist í tíma.

Það má líka ímynda sér að þetta séu minnispunktar fyrir langa ritgerð eða fræðirit sem aldrei varð skrifað – eða verður máske skrifað einn daginn, hver veit?

Þetta er ljóðabók um þýðendur, um bækur og bókaást og um ljóðið, óður til þýðinga og möguleika ljóðabókarinnar, bútasaumsteppi úr eigin hugsunum og annarra.

Bókin hefst á tilvitnun í Þorstein frá Hamri: „Mér er í mun að setja heiminn saman"

Magnúsi er það líka í mun – og hann setur heiminn saman úr tilvitnunum í aðra höfunda, blandaða eigin hugrenningum. Stundum kallast hann á við tilvitnanirnar, stundum lætur hann þær kallast á hvor við aðra, eins og á fyrstu síðu bókarinnar þar sem Shakespeare, Emily Dickinson, Nikos Kazantzakis og leikhúsgagnrýnandinn Vivian Mercier kveðast á um ekkertið og möguleika þess.

Maður verður vissulega örlítið ringlaður á köflum í þessum höfundaflaumi, ekki alveg viss hvað er frumsamið af Magnúsi sjálfum – en ætla þó að það séu þær línur sem engum er eignaðar. Ef svo er, þá eru fyrstu frumsömdu línurnar ákveðið manifestó bókarinnar:

Andráin og aldirnar
þær tala ekki
sama tungumál

Einhver verður að túlka
samtal þeirra

Löngu seinna í bókinni segir hann okkur svo í hvaða hefð hann er að yrkja, „Cento: bókmenntaverk sem samanstendur af tilvitnunum í aðra höfunda." En þó ekki alveg, hann er sjálfur hérna líka. Held ég.

Á næstu síðum blandast svo þýddir textar saman við aulabrandara og krossapróf, það passar við þemað en á tímabili dregur það úr bókmenntagildinu – en þegar á líður verða textar Magnúsar sjálfs alvarlegri. Það er þó stundum heilmikið gildi í útúrsnúningunum og misheyrninni, samanber misheyrn fimm ára frænkunnar um „útfjör" og ég velti fyrir mér hvort hún hafi heyrt brandarann um að maður geti ekki stafsett „funeral" án þess að nota orðið „fun."

Treginn treður sér svo í útúrsnúninga á dægurlögum:

Þangað liggur beinn
og breiður
tregi

(bíða mín
þar æsku-
trámalönd)

Og:

Treginn liggur
til allra átta

Bókin er öðrum þræði um gildi þýðinga og um tungumál heimsins, við fáum reglulega tilviljunarkennda tölfræði um fámenn tungumál í útrýmingarhættu og mikilvægi þeirra kristallast best í tilvitnun í Stanley Kunitz:

„Ég vildi óska að ég gæti þýtt úr öllum tungumálum heimsins. Ef ég fengi að lifa að eilífu, myndi ég gera það."

Bókmenntasagan, líkt og aðrar sögur, er vissulega að mestu skrifuð af körlum en það er sterkur femínískur þráður í bókinni. Bæði birtast reglulega tilviljunarkennd brot úr spjaldskrám bókasafna, þar sem gleymdar kvennabókmenntir eru reifaðar – þar á meðal Anna frá Moldnúpi sem skrifaði Fjósakona fer út í heim og hefur sannarlega verið merkileg kerling ef marka má örlítið gúgl.

Hin óuppgötvaða stjarna bókarinnar er þó Guðbjörg Jónsdóttir, húsfreyja á Broddanesi, sem slær mörgum höfundum heimsbókmenntanna rækilega við í textabútunum sem Magnús finnur eftir hana. Hún skrifar í raun tvö manifestó fyrir hann. Annað er um hinar gleymdu konur sem hann reynir að koma í dagsljósið:

„Jeg hef áður getið þess, að Valgerður langamma mín var systir Einars á Kollafjarðarnesi. En hún átti sjer minni sögu en hann, það er að segja, sem skráð verður. Hver veit nema þessar gömlu, gleymdu konur hafi átt sjer sögu alt að einu merkilega og skemmtilega og sumir karlmenn, sem mikið er þó skrifað um, mest vegna þess að þeir voru ríkir? Hver þekkir strit og stríð konunnar, sem vinnur í kyrrþey og þegir allar sínar vonir og óskir í hel?"

Seinna sýnir hún svo fram á hvernig þessi tækni Magnúsar, að flétta annarra manna ljóðum saman í eigin verk, eru í rauninni það sem sagnaskáld fortíðarinnar gerðu, þeir sem þurfta að muna kvæðin því þau áttu engar eða fáar bækur, kunnu mögulega ekki að skrifa – en ljóðin lifðu í raulinu:

„Fleiri kvæði mætti telja, sem sungin voru áður, því að fólkið kunni ekki lítið af kvæðum, og sumir mjög mikið. Gamla fólkið valdi vísurnar og kvæðin, sem það raulaði, í samræmi við lífskjör sín og hugsanir."

Svo fylgir nístingssár saga um gamla konu sem missti einkadóttur, þar sem hún raular ægifagurt kvæði – og þegar maður áttar sig á að báðir þessir textabútar eru eftir Guðbjörgu (það er langt á milli þeirra) þá áttar maður sig á að þarna er stórskáld sem aldrei var uppgötvað, ein af þessum konum sem var í skugga karlanna sem töldu sig eina færa um að hugsa fyrir þessa þjóð.

Þetta er vissulega bók um bókmenntir, en samt, þetta gæti líka verið úrval af Facebook-veggnum þínum, eða brot úr bíómyndum eða söngtextum, lýsingar á málverkum – hverju því sem hugmyndaheimur þinn kann að vera helst samsettur úr. Og þótt að flestar vísanir hér séu í heim bókmennta þá fer fótboltaþjálfarinn Jose Mourinho hér líka með ljóð og fáa er vitnað oftar í en listmálarann Mark Rothko.

Textinn þarf heldur ekki að vera í bókum, tvö ljóð í röð finnur höfundur textann í umhverfinu, bæði á brúnni sem skáldið henti sér fram af og veggjakrotinu sem hann rekst á. Hér er svo ort um bókasafn hugans, ein af nokkrum manifestóum bókarinnar:

Líflínurnar.
Það sem hjartað elskar og styður sig við.

Það sem er letrað í spjaldskrá hvers og eins.

Fyrir röskum áratug síðan kom út bókaflokkurinn Svarta línan hjá Bjarti, bækur sem allar dönsuðu á mörkum skáldskapar og fræða – og þessi bók hefði passað vel þar inn, sem fyrsta ljóðabókin í flokknum. Og um leið má vel velta því fyrir sér hvort menningarumfjöllun mætti ekki oftar stíga þennan dans? Hún er vissulega oftast hluti af stærri fjölmiðlum, þar sem hún þarf endalaust að sanna sig á milli alvarlegri frétta, sanna tilverurétt sinn aftur og aftur. En tapar hún þá mögulega sérstöðu sinni, verður bastarður ritstjóranna sem oftast líta hana hornauga og ljóðsins?

Ásgeir H Ingólfsson

VISSIR ÞÚ

AÐ Á NORÐAUSTURLANDI
ERU UM ÞAÐ BIL

250.000

PAPRIKUR RÆKTAÐAR
ÁR HVERT MEÐ
JARÐHITA?



www.eimur.is

facebook.com/eimurNA

instagram.com/eimur_iceland

EIMUR

@ N4Grafik

Þriðja bók Arngunnur Árnadóttir hefur áður sent frá sér ljóðabókina Unglingar og skáldsöguna Að heiman.

SKÝ TIL AÐ ELDAST

Nauðsynlegt að líta á gamansömu hliðarnar.“ var fyrirsögn á viðtali við Sigurstein Másson um bók sem hann hefur nýlega skrifað um baráttu sína við geðsjúkdóma. Kunningi minn fáraðist yfir því að geðsjúkdómum væri alltaf breytt í gamansögur, það talaði enginn um botnlaust svartnættið sem þetta raunverulega snerist um.

Mig langaði að segja honum að þannig fúnkeruðum við bara, þetta væri hluti af ferlinu – ekki bara gagnvart geðsjúkdómum heldur erfiðri reynslu almennt; þetta verður oft að gamansögu síðar. Eða verður að minnsta kosti að sögu. Annars erum við ekki tilbúin til að tala um það. Svo þurfum við auðvitað að komast aftur inn í augnablikið, til þess að raunverulega tjá upplifunina, sem gæti vel verið að Sigursteini hafi tekist – ég á bókina ólesna.

Ég sagði honum þetta aldrei, Facebook-statusinn var horfinn þegar ég hafði hugsað málið – en þetta var bak við eyrað á mér þegar ég las Ský til að gleyma eftir Arngunni Árnadóttur seinna sama kvöld. Ekki af því hún fjalli um geðsjúkdóma, heldur af því fyrsti kaflinn er einmitt passlega fjarlægur – eftir óræða byrjun þá birtist okkur Reykjavík háskólaáranna, sbr. eftirfarandi mynd:

Á föstudegi umferðarniður
námsmenn með bílinn í láni
á leið í Ríkið í Kringlunni

Þetta er sterk mynd af snemmfullorðnu fólki, það má keyra og kaupa áfengi, en það er enn með allt á láni. Inn í þessari minningu um þrítugsaldurinn liggur svo minning um unglingsárin, það er bent á götuhorn í umferðarniðnum og rifjað upp:

stóðum við einu sinni
og vorum vandræðaleg

Bókarkápan ýtir líka undir þessa túlkun, kápumyndin er lúmsk og óræð, en mér finnst ég sjá í fæturna á ungri stelpu sem breytist í fullorðna konu – svo er maður að tipla á konunni, skuggi, minningar. Þetta er samsett mynd, klippimynd, mögulega af nokkrum sjálfum, nokkrum æviskeiðum og nokkrum viðfangsefnum. Á baksíðu er svo vitnað í eitt ljóðið, línur sem kristalla bókina öðrum fremur:

Um þrítugt hverfa allir
inn í hús
(öðru nafni fasteignir)

Maður veit ekki hvort ljóðmælandi sé að tala um sjálfan sig eða jafnaldra sína, en þetta súmmerar ágætlega upp rauða þráðinn – að vinna úr minningum og hugsa um það að eldast, strax um þrítugt.

Inni í þessum fasteignum búa enn
minningar, í öðru lífi eru þau:

síung
á þessum dimma bar

Þetta er sterk mynd af snemmfullorðnu fólki, það má keyra og kaupa áfengi, en það er enn með allt á láni.



„Kápumyndin er lúmsk og óræð, en mér finnst ég sjá í fæturna á ungri stelpu sem breytist í fullorðna konu – svo er maður að tipla á konunni, skuggi, minningar.“

Minningar annarra hafa runnið saman við okkar eigin og á endanum verða allar bækur um okkur öll, þótt ekki sé nema vegna þess að við búum í sama heimi og þetta hegðunarmynstur hefur runnið saman við skýin.

Þegar á líður ber sífellt meira á óræðum
söknuði – ekki endilega eftir „þér“ –
heldur öllu sem tengist „þér“:

Ef ég sakna einhvers
þá sakna ég ekki þín
heldur litar og áferðar hlutanna

Minningarnar taka völdin, skáldið er hugsi yfir þessari eyju sem hún býr á, reynir að lesa í þessi ský. Hér er einnig skemmtilegt skot á lesendur, bókum er lýst sem:

(þetta sem maður raðar í hillur
til að segja: ég er þessi tegund
af intellektúal)

Tvö bestu ljóðin tengjast hins vegar áðurnefndum þemum takmarkað, en þau tengjast þó bæði baksíðuljóðinu um fólk sem hverfur inn í hús. Þau eru hlið við hlið, númer VI og VII (en það eru 25 tölusett en nafnlaus í bókinni) og fjalla minna um hús sem fasteignir, frekar sem vettvang draugagangs og drauma.

Það fyrra lýsir draumi um byggingar í ókunnum borgum, en samt kunnuglegum:

kunnuglegum borgum
með stökkbreytt hverfi
sem ég týnist í

Ég sagði vinkonu minni um daginn frá því að mig hefði dreymt gamla herbergið mitt um nóttina, herbergi í sömu íbúð, ég hafði bara flutt á milli herbergja. Við komumst að þeirri niðurstöðu að líklega tæki mann svona tvo mánuði að byrja að dreyma um staði sem maður hefði yfirgefið, hversu langt sem maður hefði farið. Þegar það er hins vegar heil borg sem maður yfirgefur verður landafræðin aðeins flóknari, stökkbreyttri.

Já, mig hefur nefnilega dreymt þennan draum sem lýst er í ljóði númer VI margoft – og hann virðist vera ansi algengur, fyrst ég, vinkona mín og ljóðskáldið könnumst öll við hann. Þannig eru uppáhaldsljóðin oft þau sem maður getur speglað sig í, þau sem maður kom ekki orðum að sjálfur fyrr en maður las þau í orðum annarra.

Það á líka við um næsta ljóð, hugmynd sem vitraðist mér þegar ég labbaði fram hjá blokkum í fjarska, fékk einkennilegan hroll og áttaði mig á því að draugagangur væri raunverulegur, burtséð frá allri yfirnáttúru, hann byggi einfaldlega í arkítektúrnum og áhrifum okkar á hann. Í ljóðinu er rætt um klisjuna „hús með sál“ og ýjað að því að það sé bara annað orð yfir draugagang.

hegðunarmynstur
runnin saman við veggfóðrið

Minningar annarra hafa runnið saman við okkar eigin og á endanum verða allar bækur um okkur öll, þótt ekki sé nema vegna þess að við búum í sama heimi og þetta hegðunarmynstur hefur runnið saman við skýin.

Ásgeir H Ingólfsson

þitt.is
Ert þú búin/n að skrá þitt lén?
5.980 kr. á ári
ISNIC
Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði

Leiðiskrossar 12 volt,
24 volt og 32 volt.
Vönduð íslensk framleiðsla.
JS LJÓSASMIÐJAN
VELAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Sími: 554 0661 - 699 2502 - 897 4996

TAKK FYRIR
AÐ FLOKKA



Spillivagninn slær í gegn

Borgarbúar hafa tekið þjónustu Spillivagnsins opnum örmum og fyllt bílinn af efnum og tækjum sem komið hefur verið til förgunar og endurvinnslu á öruggan hátt.

Þegar hafa fimm borgarhverfi af tíu verið heimsótt og um eitt tonn af efnum og tækjum frá 90 heimilum hafa ratað í vagninn.

Fyrstu hringferð Spillivagnsins lýkur í byrjun desember með heimsóknum í Árbæ og Grafarvog. Hann verður næst á ferðinni í apríl og maí. Ef förgunin þolir enga bið tekur næsta endurvinnslustöð við efnum og tækjum.

Hér verður Spillivagninn í desember:

Árbær við Árbæjarlaug, þriðjudaginn **4. des**. kl. 15–20
Grafarvogur við Spöngina, fimmtudaginn **6. des**. kl. 15–20

Hvað hirðir spillivagninn?

- Smærri raftæki
- Tölvur og síma
- Rafhlöður og rafgeyma
- Ljósaperur og hitamæla
- Málningu, bón, viðavörn, lím og lökk
- Hreinsiefni og lífræn leysiefni
- Stíflueyði
- Eitur; skordýra-, rottu- og illgresis
- Olíu og feiti
- Ýmislegt fleira

Sjá nánar á: spillivagninn.reykjavik.is

Efnamóttakan hf SORPA Reykjavíkurborg

Hvenær koma jólasveinarnir?

Í vísum Jóhannesar úr Kötlum segir að jólasveinarnir komi til byggða þrettán dögum fyrir jól. Það þýðir að fyrsti jólasveinninn Stekkjarstaur kemur einhvern tímann eftir miðnætti hinn 12. desember. Íslensku jólasveinarnir þóttu lengi vel ekki húsum hæfir en upp úr fjórða áratug síðustu aldar tók það breytingum. Segja má að sveinarnir hafi fengið færi á að taka sig taki meðal annars með aðstoð Ríkisútvarpsins.

„Þetta var bara menningarpólitísk umræða," sagði Árni Björnsson þjóðháttafræðingur um endurfæðingu íslenskra jólasveina við Reykjavík vikublað árið 2014. Árni Björn hefur ritað heilmikið um íslenska þjóðhætti og menningu. Árni sagði að í kringum stofnun útvarpsins hafi sjálfsögð umræða átt sér stað um hvort útvarpið ætti að vera með efni fyrir börn. Í kjölfarið hafi svo þurft að taka ákvörðun um jólaefni fyrir börnin.

Tóku sig taki og mættu á jólaskemmtanir

„Fram til þessa höfðu jólasveinarnir aldrei komið á jólatrésskemmtanir. Þeir þóttu ekki húsum hæfir," segir Árni. „Þeir voru raunar barnafælur. Þetta er mikil breyting sem verður á hlutverki jólasveinanna með tilkomu útvarpsins. Þarna verða þeir ekki bara barnafælur heldur líka skemmtiefni fyrir börn." - Þetta er ótrúleg eðlisbreyting. Áttu skýringu á þessu? „Já þetta er stór breyting og tengist með beinum hætti Ríkisútvarpinu. Allt gerist þetta reyndar áður en ég fæðist. Ég las það samt í blöðum frá þessum tíma að menn voru ekki sammála um þetta. Það er að segja fólk var ekki visst um hvort jólasveinarnir ættu að skemmta börnum. Þetta var bara menningarpólitísk umræða sem var að eiga sér stað. Niðurstaðan er sem sagt sú að þeir fara inn í útvarpið og eftir það fara þeir að koma á jólatrésskemmtanir."

Ekki lengur mannætur

Í bókinni Saga daganna eftir Árna, sem kom út árið 1993, segir að árið 1746 hafi í „Tilskipun um húsagann á Íslandi" verið fyrirskipað að nú skuli; „sá heimskulegi vani sem hér og þar skal hafa verið brúkanlegur í landinu, að hræða börn með jólasveinum eður vofum, aldeilis vera afskaffaður [lagður niður]." Þá segir að þegar líða taki á 19. öld taki jólasveinarnir að mildast eilítið.

Jólin koma

Árið 1932 kom út ljóðabókin Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum. Í bókinni er ljóðið Jólasveinarnir þar sem Jóhannes lýsir íslensku jólasveinunum þrettán. Óhætt er að fullyrða að með ljóðinu hafi Jóhannes fært nöfn og fjölda sveinanna í fastar skorður. Ljóð Jóhannesar, ásamt myndskreytingum Tryggva Magnússonar listmálara, mótuðu og móta enn sýn Íslendinga á jólasveinunum. Jóhannes notaði að mestu þau nöfn jólasveinanna sem birst höfðu í þjóðsögum Jóns Árnasonar árið 1862. Sveinarnir þrettán sem þá voru nefndir báru nöfnin: Stekkjarstaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottasleikir, Askasleikir, Faldafeykir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttaþefur, Ketkrókur og Kertasníkir. Jóhannes setur Hurðaskelli í staðinn fyrir Faldafeyki og náði það fótfestu.

Kóksveinninn

Hvítskeggjaði og rauðklæddi jólasveinninn sem margir þekkja í dag er sköpun bandarískra gosdrykkjaframleiðandans Coca Cola. Reyndar sækir persónan uppruna sinn til Heilags Nikulásar sem var biskup í Mýru í Litlu-Asíu þar sem í dag er Tyrkland. Raunar er fátt vitað um Nikulás, sem var uppi á fjórðu öld, þótt hann sé einn af vinsælustu dýrlingum rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Fjallað var um uppruna rauðklædda jólasveinsins á Vísindavef Háskóla Íslands árið 2002. Þar segir: „Árið 1809 kom út grínsagan „A History of New York" eftir Washington Irving sem skrifaði undir dulnefninu Diedrich Knickerbocker. Sagan gekk út á að hnýta í hollenska fortíð New York-borgar og þar með hinn hollenska Sinterklaas. Þar var meðal annars talað um heilagan Nikulás svífandi yfir borginni á vagni. Kvæðið „An Account of a Visit from St. Nicholas" kom út 1823 og naut fljótt mikilla vinsælda. Þetta kvæði er betur þekkt undir upphafsorðum sínum, „Twas the night before Christmas," og í dag er lestur þess hluti af jólahaldi margra Bandaríkjamanna. Þar er talað um heilagan Nikulás á fljúgandi sleða sem hreindýr draga. Það er svo á fjórða áratugnum sem teiknarinn Haddon Sundblom skapar þá ímynd sem flest okkar tengja við jólasveinninn fyrir auglýsingaherferð Coca Cola fyrirtækisins.

Fleiri sveinar

Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands hóf upp úr 1970 að safna heimildum um íslenskar jólavenjur. Þar slæddust fleiri nöfn íslenskra jólasveina með. Mörg höfðu áður verið ókunn. Jólasveinarnir hafa þannig verið mun svæðisbundnari en margir gera sér grein fyrir í dag. Þannig bárust Þjóðminjasafninu nöfnin Skófnasleikir og Þambarskelfir utan af Skarðströnd. Reykjasvelgur var þekktur í Barðarstrandasýslu og undan Eyjafjöllum bárust nöfn sveinanna Lummusníkis, Flotsleikis, Gangagægis, Svartiljóts og Svellabrjóts. Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur nafna en þess má geta að þær Redda, Sledda, Flotsokka og Flotnös eru þær kvenkyns jólasveinkur sem vitað er um.

Stekkjarstaur
12. desember.
Giljagaur
13. desember.
Stúfur
14. desember.
Þvörusleikir
15. desember.
Pottaskefill
16. desember.
Askasleikir
17. desember.
Hurðaskellir
18. desember.
Skyrjarmur
19. desember.
Bjúgnakrækir
20. desember.
Gluggagægir
21. desember.
Gáttaþefur
22. desember.
Ketkrókur
Þorláksmessa, 23. des.
Kertasníkir
Aðfangadagur, 24. des.

www.volundarhus.is

ERTU BÚIN AÐ TRYGGJA ÞÉR
GARÐHÚS EÐA GESTAHÚS
á gamla verðinu og með 10% aukaafslætti?
Gildir meðan birgðir endast

Sjá nánar á heimasíðunni okkar volundarhus.is http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Gardhus/

vőlundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

VH/18-04



Vertu snemma á ferðinni

og hafðu það notalegt á aðventunni

Öruggir skiladagar

Til Evrópu:	
13. des	Pakki til Evrópu
14. des	Pakki til Norðurlanda
14. des	Bréf til Evrópu

Innanlands:	
17. des	Bréf
19. des	Pakkar

Upplýsingar um afgreiðslutíma og aðra örugga skiladaga má finna á **postur.is/jol**

PÓSTURINN

Brandenburg | SÍA

Þingmenn sem hata konur en hrósa sér fyrir spillingu

Sex þingmenn úr Flokki fólksins og Miðflokknum sátu þann 20. nóvember síðastliðinn við drykkju á bar hliðina á Alþingishúsinu og nýttu tækifærið til að níða þingkonur, ræða þátt sinn í spillingu, gera lítið úr almennum borgurum, hlutgera konur og mikil manngæði Sigmundar Davíðs. DV og Stundin fengu upptöku af viðburðinum í hendur og hafa undanfarið fjallað um málið. Samkvæmt frétt DV er upptakan tæpir fjórir tímar á lengd en hópurinn náði undraverðum árangri í fjölda þeirra sem illa var talað um. Þingmennirnir sex eru þau Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Anna Kolbrún Árnadóttir, Ólafur Ísleifsson, Karl Gauti Hjaltason, Bergþór Ólason og Gunnar Bragi Sveinsson.

Buðu Ólafi þingflokksformanninn

DV greinir frá tilboði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins, til Ólafar Ísleifssonar, þingmanns Miðflokksins, um að Ólafur gæti fengið þingflokksformannsembætti ef hann segði sig úr þingflokki Flokks fólksins og kæmi yfir til miðflokksins. DV sem ásamt Stundinni hefur upptöku af umræðum þingmanna hefur eftir Sigmundi að hann geti gengið frá málinu „á morgun." ef Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Miðflokksins, sé reiðubúinn. „Þú verður þingflokksformaður við erum að fara redda þér inn. Ég er ekki að grínast. Ég veit að ég er búinn að drekka töluvert af bjór en ég er til í að gera þetta á morgun," hefur DV úr upptökinni. Bergþóri Ólasyni, þingmanni Miðflokksins, virðist brugðið vegna tilboðsins. „Sko. Ég hélt að ég væri að draga félaga mína til að tala skynsamlega…" Sigmundur svarar um hæl: „Welcome to politics Bergþór Ólason."

Fyrstu viðbrögð að neita

DV ræddi við Gunnar Braga, Ólaf Ísleifsson og Önnu Kolbrúnu þegar miðilinn hóf að vinna fréttir úr upptökunni. Svo virðist sem þingmennirnir hafi þá ekki haft vitneskju um að samtal þeirra hafi verið tekið upp en fyrstu viðbrögð þeirra voru að neita fyrir samtalið. DV spurði Gunnar Braga hvort Ólafi Ísleifssyni hafi verið boðið yfir í Miðflokkinn og gerast þingflokksformaður ef Gunnar Bragi myndir samþykkja það? „Ertu ekki að grínast í mér. Heldur þú að við séum virkilega að ræða svona hluti yfir bjór," svaraði Gunnar Bragi: „Hvað heldur þú að við höfumséum oft búnir að segja við Brynjar Níelsson og Óla Björn Kárason að koma yfir í Miðflokkinn. Hvaða rugl er þetta?" svaraði Gunnar Bragi blaðinu. Þegar blaðamaður hafði rekið atburðarásina og hvað var sagt við þetta tilefni sagði Gunnar Bragi: „Já, ég man eftir þessu. Við vorum að grínast með þetta." Þau Ólafur og Anna brugðu til sömu vopna og könnuðust ekki við tilboðið. „Nei, hann hefur aldrei gert það. Svona tilboð hefur ekki komið fram enda eru allir ánægðir á sínum stað og uppteknir í sínum störfum. Ég hef oft hitt þessa menn og setið með þeim á spjalli. Við borðum stundum saman. Svona tilboð hefur ekki komið fram. Aldrei," sagði Ólafur við DV.

Hlutgerðu þingkonur og kölluðu klikkaðar, kuntur, guggur og apa

Þingmennirnir sex sameinuðust um sterkar skoðanir á útliti, atgervi og persónu þingkvenna. Í samtalinu fara þeir ófögrum orðum um þingkonur sem þeir lýsa af kvenfyrirlitningu, gera miklar athugasemdir við útlit þeirra, tala niður getu til starfa, vit og geðheilsu. „Oddný er ekkert ágæt. Hún er algjör apaköttur. Hún veit ekki neitt, kann ekki neitt, getur ekki neitt," heyrist Gunnar Bragi segja um Oddnýju Harðardóttur. Lilju Dögg Alfreðsdóttur lýsir hópurinn sem „tík" og ræða um að „hjóla í hana" Bergþór Ólason talar um Lilju með slíkum hætti að hann telji sig því sem næst eiga heimtingu á kynlífi með konum

Flokkur fólksins vill þá burt

„Stjórn Flokks fólksins samþykkir einróma að skora á alþingismennina Ólaf Ísleifsson og Karl Gauta Hjaltason að segja af sér þingmennsku ásamt öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Stjórn flokksins kemur saman á ný á morgun, 30. nóvember klukkan 14:00, þar sem næstu skref verða tekin.

Fyrir hönd stjórnar flokksins,
Inga Sæland formaður Flokks fólksins."

Næstar á þing fyrir Flokk fólksins

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi flokksins, er löggiltur sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði. Hún er varaþingmaður fyrir Ólaf Ísleifsson.

Heiða Rós Hauksdóttir 36 ára húsmóðir var í öðru sæti fyrir flokk fólksins í Suðurkjördæmi. Heiða er varaþingmaður Karls Gauta Hjaltasonar.

sem hann á í samskiptum við. „Það hefur engin gugga teymt mig meira á asnaeyrunum en hún, sem ég hef ekki fengið að ríða“ sagði Bergþór Ólason flokksbróðir þeirra þá. „Ég er nýbúinn að kynnast henni. Þegar við hittumst í skötuveislunni fyrir nokkrum árum þá vissi ég ekki að hún væri til,“ segir í frétt DV af samtalinu. Gunnar Bragi dregur nafn Silju Daggar Gunnarsdóttir í samtalið í umræðum um orðið „cunt“ sem ekki var sparað í samtölum hópsins. Þá er þingkona Samfylkingarinnar Albertína sökuð um kynferðisofbeldi samhliða því að hæðst er af #MeToo byltingunni sem bæði Gunnar Bragi og Sigmundur Davíð hafa sjálfir merkt sig í pólitískum tilgangi. Stundin greindi frá umræðum þar sem þingmenn Miðflokksins gengu harðast fram og ljóst er að þeir telja rétt að þingkonum refsist fyrir að vera ekki jafn „hot“ og áður. Umræðan virðist beinast að Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur sem þó er ekki nefnd á nafn en Sigmundur Davíð gefur til kynna að frami hennar í stjórnmálum sé fyrst og fremst vegna útlits og aldurs. „Þetta er svona móment, ung kona, ungt fólk í Sjálfstæðisflokknum, lyftum henni,“ vitnar Stundin í upptökuna. Bergþór gefur í: „Nú ætla ég að segja eitt sem er náttúrulega mjög dónalegt, en það fellur hratt á hana. Hún er miklu minna hot í ár en hún var bara fyrir tveimur árum síðan. Það er ótrúlegur munur.“ Sigmundur tekur orðið: „Sigmundur Davíð: „Og á þeim forsendum segi ég að hún hrynji niður listann.“ Bergþór svarar „eðlilega“ Áslaug Arna hefur svarað ummælunum með nokkuð snyrtilegum hætti en í samtali við RÚV sagði hún þingmennina „auðvitað sigurvegara sjálfa í fegurðarsamkeppni“ sem ótrúlegt sé að „dæmi um útlit og atgervi þingkvenna, sem þeir starfa með.“

Sáu enga ástæðu til að verja fomanninn

„Þetta snýst allt um og ég held við séum öll í þessum slag til að láta gott af okkur leiða og eru miklu meiri líkur til að það gerist undir merkjum Miðflokksins heldur en Flokks fólksins, af því að þið eruð með þessa húrrandi klikkuðu kuntu sem formann Flokks fólksins sem þið ráðið ekki við. […] Komið til okkar og búum til eitthvað ævintýralegt,“ hefur DV úr upptökunni eftir Bergþóri þingmanni Miðflokksins. Þar lýsir Bergþór skoðunum sínum á Ingu Sæland, formanni Flokks fólksins. Þetta virðist flokksfélögum Ingu ekki þótt ástæða til að draga í land en hún er sögð hafa grenjað sig á þing. Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Flokks fólksins gefur í og lýsir Ingu sem óhæfum formanni. „Ólafur er örugglega sammála mér að Inga Sæland getur þetta ekki.“ Þá sagði Gunnar Bragi: „Þið verðið að átta ykkur á að þið getið ekki endalaust látið madame Sæland grilla ykkur eins og þið séuð ekki til,“ vitnar DV í upptökurnar og segir Gunnar Braga hafa bætt við: „Eruð það þið sem munið njóta næstu kosninga eða Inga?“ Samkvæmt DV munu hvorki Karl né Ólafur hafa komið formanni sínum til varnar á meðan á samtali þingmannanna stóð. Þá sagði Karl Gauti einnig: „Hún getur grenjað um þetta en getur ekki stjórnað.“

Gunnar hrósar sér fyrir pólitíska spillingu

Gunnar Bragi skipaði Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og sakborning fyrir Landsdóm, í sendiherraembætti þegar hann var

Skrópuðu til að drekka

Þingfundur stóð yfir þegar þingmennirnir sex, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Anna Kolbrún Árnadóttir, Ólafur Ísleifsson, Karl Gauti Hjaltason, Bergþór Ólason og Gunnar Bragi Sveinsson, settust niður á Klaustur Downtown Bar til að ræða sýn hópsins á stjórnmálunum. Þetta kemur fram í frétt DV. „Samkvæmt heimildum DV hófst upptakan kl. 20:39 þriðjudagskvöldið 20. nóvember. Þingmennirnir voru sestir þegar óþekktur aðili úr röðum almennra borgara hóf að taka þá upp. Um er að ræða sjö upptökur, alls 3 klukkutímar og 41 mínúta að lengd, fyrir utan stuttar myndbandsupptökur af þingmönnunum sex. Þingfundi þetta kvöld var ekki slitið fyrr en 21:36 þetta kvöld.Umræðum um fjárlög lauk klukkan 20:30 “

Afsökunarbeiðnir

Bergþór Ólafson, þingmaður Miðflokksins bað Ingu Sælan, formann Flokks fólksins, afsökunar á ummælum sínum á fimmtudag. „Ég ræddi við Ingu Sæland í kvöld og bað hana afsökunar á framgöngu minni. Um samstarfið við Flokk fólksins vil ég segja að það hefur verið með miklum ágætum síðasta árið, enda málefnalegur samhljómur um marga hluti,“ skrifar hann á Facebook.

Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Flokks fólksins, sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann biðst afsökunar á þeim ummælum sem hann lét falla. „Ég harma ummæli sem ég lét falla á veitingastað fyrir stuttu síðan og hafa birst í nokkrum fjölmiðlum. Af því tilefni vil ég taka fram að ég er ekki á förum úr Flokki fólksins, styð stefnu flokksins og ber traust til formanns hans, Ingu Sæland.“

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Miðflokksins, sagði í Morgunútvarpi Rás 2 á fimmtudag að hann þurfi að biðja langan lista af fólki afsökunar. Fluttar hafa verið fréttir af tilraunum hans til bóta meðal annars afsökunarbeiðni til Oddnýar Harðardóttur, þingmann Samfylkingarinnar, sem hann kallaði apakött, Friðrik Ómar en hann lét lítt skiljanleg orð um „smjör á smokknum“ falla um listamanninn. Þá sakaði hann Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, þingkonu Samfylkingarinnar, um nauðgun en hefur dregið í land þar. Eins og áður segir er listinn langur en Silja Dögg Gunnarsdóttir sagði í fréttum RÚV að hún tæki við afsökunabeiðni í eigin persónu en ekki gegnum Facebook eða í fjölmiðlum.

Anna Kolbrún Árnadóttir, þingkona Miðflokksins, sagði í kvöldfréttum RÚV á fimmtudag, að hún íhugi að segja af sér vegna málsins. „Ég á mér engar málsbætur, Ég tek fulla ábyrgð á mínum orðum í þessu. Ég hef eytt töluverðum hluta dagsins í það að biðja fólk afsökunar.“

Miðflokkurinn hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem þingmennirni fjórir biðjast afsökunar á hegðun sinni. „Við fjórir þingmenn Miðflokksins sem sátum á hótelbarnum Klaustri í liðinni viku viljum biðja þá sem farið var ónærgætnum orðum um í þeim einkasamtölum sem þar fóru fram einlæglegrar afsökunar. Það var ekki ætlun okkar að meiða neinn og ljóst má vera að sá talsmáti sem þarna var á köflum viðhafður er óafsakanlegur. Við einsetjum okkur að læra af þessu og munum leitast við að sýna kurteisi og virðingu fyrir samferðarfólki okkar. Jafnframt biðjum við flokksmenn Miðflokksins og fjölskyldur okkar afsökunar á að hafa gengið fram með þessum hætti.“

Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Rúnar Geirmundsson

Þorbergur Þórðarsson

Elís Rúnarsson

Sigurður Rúnarsson

DV og Stundin fengu upptöku af ölæði þingmannanna sex senda nafnlaust. Miðlarnir hafa síðan birt fjölda frétta af málinu. Upptakan er tæplega fjórir tímar samkvæmt frétt DV en þingmönnunum virðist hafa tekist að komast yfir talsverðan lista af fólki að níða á þeim tíma.

utanríkisráðherra. Á upptökunni má heyra að Gunnar Bragi telur sig hafa sýnt yfirburðar pólitíska kænsku með því að skipa um leið Árna Þór Sigurðsson, fyrrverandi þingflokksformann VG, um leið. Meiningin með skipuninni var að draga athygli frá skipan Geirs. „Og það var ekki nóg með það að vinstri græna liðið var brjálað, því Árni er auðvitað ekkert annað en senditík Steingríms. En plottið mitt var að Geir yrði í skjólinu hjá Árna og það virkaði ekki bara 100 prósent heldur 170 prósent því að Árni fékk allan skítinn. Svo sagði Geir við mig löngu seinna: „Þakka þér fyrir. Það var enginn sem gagnrýndi mig.“ Og það var málið, það gagnrýndi þetta nánast enginn. Og það er bara vegna þess að ég lét Árna taka allan slaginn,“ er haft eftir Gunnari í frétt Stundarinnar af samtalinu. Þá hefur Stundin eftir Gunnari að hann hafi sagt við Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins og þáverandi forsætisáðherra, að skipan Geirs fylgdi væntingum um að hann sjálfur gæti síðar orðið sendiherra. „Þegar ég á fund með Bjarna í fjármálaráðuneytinu og ég segi við Bjarna: „Það er algjörlega sjálfsagt. Auðvitað geri ég Geir að sendiherra,“ og þá segi ég við Bjarna: „Og mér finnst sanngjarnt að þið horfið til svipaðra hluta þegar ég þarf á því að halda.“ Og það er ekki vegna þess að ég hafi verið að hugsa um að skipta um flokk.“

Sigmundur Davíð staðfesti

Eftir að upptakan varð opinber vildi Gunnar Bragi ekki kannast við að hafa misnotað ráðherrastöðu sína með þessum hætti. Hann hefur raunar ítrekað sagt að hann hafi ekki gerst brotlegur um neitt. Gunnar Bragi svaraði fyrir ummæli sín í Morgunútvarpinu á Rás 2 á fimmtudag og sagði þau ekki sönn.. „Ég náttúrulega er ekkert að segja satt þarna, að þetta hafi verið einhver díll,“ sagði Gunnar Bragi. Sigmundur Davíð heyrist hins vegar á staðfesta frásögn Gunnars umrætt kvöld. „Út frá þessu, af því að ég veit að þetta er rétt með sendiherrastöðuna. Ég nefndi þetta við Bjarna. Bjarni má eiga það, þó að mér hafi oft fundist hann vera veiklundaður, en hann viðurkenndi þetta […] Bjarni fór út um víðan völl en niðurstaðan var sú að hann hefði fallist á það að ef þetta gengi eftir, þá ætti Gunnar inni hjá Sjálfstæðismönnum. […] Næsta skref var að hitta Bjarna með Guðlaugi Þór. […] Bjarni má eiga það að hann fylgdi málinu vel eftir. […] Guðlaugur Þór bara: Jájá, ef það er eitthvað sem þig vantar. […] Niðurstaðan var sú að Bjarni bara sagði okkur það, að nú leysið þið þetta. En hvernig á maður að bera sig að með að fylgja málinu eftir ef Guðlaugur Þór, utanríkisráðherra, hefur engan áhuga á að klára málið? En formaður flokksins er búinn að segja honum að hann eigi að klára þetta,“ hefur Stundin eftir Sigmundi á upptökunni. Í fréttinni kemur fram að erfiðara sé að greina orð Sigmundar Davíðs. Þeir hlutar sem ekki eru greinanlegir eru merktir með […].

Hegningarlög og ráðherraábyrgð

Í opinberum hegningarlögum má finna kafla um „brot í opinberu starfi“ Þar kemur fram að ef opinber starfsmaður, alþingismaður eða gerðarmaður „heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru. “ Þá segir einnig að „misnoti opinber starfsmaður stöðu sína til þess að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert, þá skal hann sæta fangelsi allt að 3 árum. “ Almenn hegningarlög ná utan um ráðherra en auk þess má finna sérstök lög um ráðherraábyrgð. Í þeim lögum kemur fram að ráðherra er brotlegur „ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín“. Í lögunum kemur fram að „Hafi ráðherra jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, skal hegning sú, sem

HÁGÆÐA DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum

VIÐ GERUM ÞÉR HAGSTÆTT TILBOÐ Í INNRÉTTINGAR, RAFTÆKI, VASKA OG BLÖNDUNARTÆKI

ELDHÚSINNRÉTTINGAR

BAÐHERBERGISINNRÉTTINGAR

ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR

FATASKÁPAR & RENNIHURÐIR

Króm
Svört/grá

BLÖNDUNARTÆKI
Við erum með úrval blöndunartækja fyrir þvottahúsið og eldhúsið.

VASKAR
Eigum til margar tegundir af vöskum, bæði stál, hvíta og svarta.

SPEGLAR MEÐ LED LÝSINGU
Eigum til mikið úrval af speglum með led ljósum fyrir baðherbergið.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

Vilborg G. Hansen hætt sem varamaður í bankaráði Seðlabanki Íslands

Vilborg G. Hansen, varamaður í bankaráði Seðlabanka Íslands fyrir Miðflokkinn, sendi úrsögn sína til Steingríms J. Sigfússonar, forseta Alþingis, og Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs, á fimmtudag. Þá segist hún hafa sent úrsögn úr Miðflokknum á flokkinn.

Bréf Vilborgar til forseta Alþingis

Úrsögn úr varamennsku í bankaráði Seðlabankans

Forseti alþingis og formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands.
Ég undirrituð segi mig hér með úr varamannsku í bankaráðs Seðlabanka þar sem mér er ómögulegt að styðja lengur þann flokk sem ég sit í umboði fyrir eftir fréttir gærdagsins í Dv og Stundinni.

Vinsamlega staðfestið úrsögn mína.
Með vinsemd og virðingu
Vilborg G Hansen

hann hefur til unnið, tiltekin í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga.“ Sú grein fjallar um að hegning skuli almennt takmarkast við það „hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setur.“ Málshöfðun vegna brota á ráðherraábyrgð fyrnist alla jafna á þremur árum. Þeir Bjarni Benediktsson, Sigmundur Davíð og Gunnar Bragi sátu saman í ríkisstjórn til októberloka árið 2016.

Hrósar sér fyrir þögn Katrínar

Í upptökunni sem Stundin hefur birt má heyra Gunnar Braga hrósa sér fyrir að kalla fram þögn Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra og formann VG, vegna skipan Geirs. „VG-kjarninn varð brjálaður en hún Katrín sagði ekki orð vegna þess að ég átti fund með henni og [hér heyrist illa hvað er sagt] þar sem ég tryggði að hún myndi ekki segja neitt. Og Geir slapp í gegnum þetta eins og smjör á smokknum hjá honum þarna… honum, hvað heitir hann söngvarinn, Friðriki Ómari.“ Þá segir hann Geir hafa þakkað sér fyrir kænskuna. „En Geir nefnilega sagði við mig eitt dálítið sérstakt, hann sagði: „Ég var brjálaður við þig Gunni þegar þú varst að gera Árna Þór að sendiherra en svo fattaði ég þetta allt í einu, að athyglin fór öll á Árna og ég var mjög glaður,“ hefur Stundin eftir upptökunni.

Fatlað fólk og hinsegin

Þingmannahópurinn hefur ekki aðeins skoðun á öðrum þingmönnum og eigin pólitísku snilld því meðal þeirra sem koma fyrir í samtölum hópsins er Freyja Haraldsdóttir, fyrrverandi þingkona og baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks, fær um sig niðrandi tal. „Veistu ég nenni ekki að eyða orku í þetta,“ sagði Freyja við DV þegar leitað var hennar viðbragða. Hún sagði ummælin dæma sig sjálf og hún hafi ekki áhuga á að fara niður á plan hópsins. Aðfaranótt föstudags sendi Freyja hins vegar frá sér yfirlýsingu eftir að hafa íhugað stöðuna. „Mín fyrstu viðbrögð við hatursorðræðu þingmanna Miðflokksins og Flokks fólksins í morgun voru að verja hvorki krafti né orðum í hana og halda áfram með vinnudaginn minn. En ég hélt auðvitað ekkert áfram með daginn minn að neinu ráði - þetta hefur tekið sinn toll líkt og allt ofbeldi gerir,“ skrifar Freyja á Facebook. „Þó hatrið beinist að persónum (sem er grafalvarlegt) er alvara málsins sú að um kerfisbundið hatur er að ræða. Það beinist harðast að konum. Hinsegin fólki. Fötluðu fólki. Karlmönnum sem einhvernveginn passa ekki inn í ríkjandi hugmyndir um (skaðlega) karlmennsku. Það er hvorki tilviljun né einsdæmi að akkúrat þessir hópar séu viðfang orðaníðs fólks með mikil forréttindi. Það er alltumlykjandi - alltaf. Gerendur í þessu tilviki eru valdhafar. Alveg óháð því hvar gerendur eru í valdastiganum er ofbeldi af þeirra hálfu alvarlegt.“ Anna Kolbrún Árnadóttir, þingkona Miðflokksins, uppnefnir Freyju og kallar hana „Freyju Eyju“. Í umræðunum lýsir Sigmundur Davíð „sérstökum áhuga“ tveggja þingmanna á Freyju. „Þessir tveir menn eiga það sameiginlegt að hafa sérstakan áhuga á tveimur konum, Freyju og …“ Þá leikur einn þeirra hljóð í sel í samtalinu. Á öðrum tíma um kvöldið lætur Gunnar Bragi út úr sér illskiljanleg ummæli um „smjör á smokk“ Friðriks Ómars Hjörleifssyni tónlistarmanni sem er samkynhneigður.

Sértrúasöfnuðurinn í kringum Sigmund

Þingmenn Miðflokksins sem þátt tóku í umræðunum eru þó ekki þeirrar skoðunar að allir séu „klikkuð kunta“, „fáviti“ eða „apaköttur“ svo tekin séu dæmi um tungutak hópsins. Á upptökunni má einnig finna einstaka lotningu fyrir Sigmundi Davíð sem þau telja svo góðan mann að hann fari sér að voða. Á upptökunni ræðir Sigmundur Davíð bílferð sína með Ingu Sæland til Bessastaða og á fund forseta í kjölfar síðustu Alþingiskosninga. DV greinir frá því að Inga hafi hringt í hann eftir kosningarnar haustið 2017 með það fyrir augum að flokkarnir mynduðu bandalag. DV segir í fréttinni að blaðið hafi heimildir fyrir því að „Inga Sæland hafi dregið í land eftir að hafa orðið var við óánægjuraddir við fyrirhugað samstarf. Samstarfið hafi hins vegar verið frágengið en Inga guggnað þegar á hólminn var komið.“ Sigmundur gefur þessu undir fótinn í samtalinu við þingmennina en segist hafa verið of meðvirkur með formanni Flokks fólksins. „Allt of lengi var ég auðvitað meðvirkur með henni. Hún mætti stundum á fundi Framfarafélagsins og þetta var svona kona sem að „ég er bara að berjast fyrir […] Fínt að hafa svona konu með. Svo var hringt heima hjá mér og það var bara „núna leggjum við á ráðin, þessir tveir flokkar mynda bandalag.“ Þá hefur DV eftir einum þingmannanna að Inga sé „óstjórntæk“ en ekki er greinanlegt hvaða þingmaður lét þessi ummæli falla. „Ég var ekki búinn að átta mig á því á þeim tíma. Það ber bara vott um skort minn á að vera mannþekkjari,“ segir Sigmundur. Við tekur jákvæðni sem virðist nokkuð stílbrot frá þeim umræðum sem þarna áttu sér stað. Anna Kolbrún segir „Þú ert svo góður maður Sigmundur.“ Gunnar Bragi tekur undir sýn Önnu og segir „Það er þinn versti löstur hvað þú ert alltof góður maður.“ Ólafur Ísleifsson, samflokksmaður Ingu, bætir svo við „Af vinunum skulum við þekkja þá.“

Klaustur vinsæll staður meðal þingmanna

Klaustur Downtown Bar er til húsa í Kirkjuhvoli hliðina á þinghúsinu. Staðurinn opnaði þar í desember árið 2014 og er vinsæll samkomustaður þingmanna. Barinn er þekktur fyrir gott úrval og rólega stemmingu. Í kjölfar fréttanna sendu rekstraraðilar staðarins frá sér yfirlýsingu þar sem upptakan er hörmuð. „Vegna fréttaflutnings af upptökum á samtali alþingismanna á Klaustur bar þann 20. nóvember vilja forsvarsmenn staðarins taka það skýrt fram að starfsmenn Klausturs áttu þar hvergi hlut í máli. Einnig skal það tekið fram að engar hljóðupptökur eru á myndavélum staðarins. Klaustur Bar harmar það að nafn staðarins hafi verið dregið inn í fréttaflutning af þessu máli enda sé það almennt stefna staðarins að fólki sé frjálst að ræða saman að vild þar inni burtséð frá persónulegum skoðunum staðarhaldara, starfsmanna eða annarra gesta, upptökur af hverskyns toga eru ekki samþykktar af staðnum.“

Uppljóstrarinn

„fékk æluna upp í háls“

„Stjórnmálamenn eru í valdamiklum stöðum og hafa skyldum að gegna gagnvart okkur. Þau setja upp sparibrosið fyrir kosningar en þarna held ég að þeirra rétta eðli hafi sýnt sig. Það á erindi við almenning,“ hefur DV eftir aðilanum sem tók upp samtal þingmannana sex í frétt sem birtist á föstudag. Sendandinn kallaði sig Marvin auk þess sem númerið 42 kom fyrir í tölvupóstfanginu, hvort tveggja tilvísun í skáldsöguna Hitchhiker's Guide to the Galaxy.

Marvin sendi upptökuna á þrjá fjölmiðla DV, Stundina og Kvennablaðið.

Friðrik Ómar gerir grín af ummælum Gunnars Braga

„Mér finnst þetta fyndið, það var það fyrsta sem mér datt í hug. Þetta fær ekki á mig og ég tek þessu ekki persónulega,“ sagði Friðrik Ómar um ummæli Gunnars Braga í samtali við Sigga Gunnars á K100 á fimmtudagsmorgni. Hann bendir á að líklega sé Gunnari Braga ekki illa við hann persónulega heldur skipti kynhneigð hans máli í þessu tilviki. „Allt svona finnst mér leiðinlegt fyrir ungt fólk sem ætlar að stíga skrefið og koma út úr skápnum.“ Hlusta má allt viðtalið á vef K100, k100.mbl.is.

KVIKK
ÞJÓNUSTAN

Lager/Vörubox úr heit galvaníseruðu stáli

Staflanleg uppí fjögur á hæðina, stærð á hverju boxi 120cm x 100cm og 90cm hæð.
Frábær í allskyns notkun, opnanleg á tvo vegu til hálfs eða alveg.

34.800
hvert stykki

Vagnhöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 5 200 600 - kvikk@kvikk.is - www.kvikk.is

Fyrirtækjaþjónusta | Gluggatjöld og áklæði | Úlpur, kápur og frakkar

Almennur þvottur | Hreinsun og pressun | Dúkaþvottur og dúkaleiga

Fjölbreytt þjónusta **í 65 ár**

EFNALAUGIN BJÖRG
HÁALEITISBRAUT
STOFNAÐ 1953

Háaleitisbraut 58–60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • www.facebook.com/efnalauginbjorg • Sími: 553 1380

4. tölublað 1. árgangur

REYKJAVÍKURBLAÐIÐ

Dreift í 42.000 eintökum í allar íbúðir í Reykjavík og á Seltjarnarnesi

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Níu milljarða spurningin

Öryrkjabandalag Íslands kannast ekki við að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafi varið níu milljörðum króna til að bæta kjör örorkulífeyrisþega. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstri-grænna, fullyrti í ræðustól Alþingis nýlega að ríkisstjórninni væri alvara með kjör örorkulífeyrisþega og því hefðu framlög til hópsins verið aukin um níu milljarða króna síðan hún tók við.

Til að gera langa sögu stutta, þá kannast öryrkjar hvorki við kjarabætur né aukinn kaupmátt eftir að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttir tók við völdum. Níu milljarða kjarabætur Katrínar Jakobsdóttur finnast hvergi.

ÖBÍ hefur því óskað upplýsinga hjá ráðuneytum og skrifstofu VG vegna fullyrðingar forsætisráðherra. Öryrkjabandalag Íslands hefur frá því að ummæli Katrínar féllu lagt sig fram um að finna þessar níu milljarða króna kjarabætur. Meðal annars hefur verið farið yfir gildandi fjárlög og frumvarp til fjárlaga næsta árs. Hvergi finnast kjarabætur Katrínar.

Öryrkjabandalag Íslands hefur því sent beiðni til þriggja ráðuneyta og skrifstofu Vinstri grænna, þar sem óskað er eftir útskýringum á því hvernig þessir fjármunir hafa bætt kjör öryrkja og hvernig komið sé til móts við tekjulægri hópa. Upplýsingabeiðni af þessu tagi er fordæmalaus hvað varðar ÖBÍ og í rauninni er sorglegt að okkur hafi ekki tekist að finna fullyrðingum forsætisráðherra nokkurn stað.

Þetta sagði Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstrihreyfingarinnar-grænsframboðs, í ræðustól Alþingis 26. nóvember síðast liðinn:

„Hv. þingmaður nefnir hér sérstaklega stöðu öryrkja. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er einn af viðkvæmustu hópum samfélagsins. Það er þess vegna sem sú ríkisstjórn sem nú situr hefur aukið framlög. Ef fjárlögin verða að lögum hér eins og þau líta út nú eftir 2. umr. hafa framlög til þessa hóps aukist um 9 milljarða í tvennum fjárlögum sem lögð hafa verið fram af þessari ríkisstjórn. Það skiptir verulegu máli. Það er veruleg aukning til viðkvæmasta hóp samfélagsins

FRÁBÆRAR JÓLAGJAFIR

frá Eins og fætur toga

Gjafakort Eins og fætur toga

Frábær jólagjöf!

Frábært jólaverð 69.990 kr.

Hypervolt

Einstök víbrandi nuddbyssa.
Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.

Frábært jólaverð 24.990 kr.

Hypershere

- Nuddkúla með 3 stillingar á víbring sem veitir nákvæma og djúpa bandvefslosun
- Fer dýpra inn í vöðvann
- Eykur blóðflæði
- Endurhlaðanleg Lithium-Ion rafhlaða

Frábært jólaverð 29.990 kr.

Vyper

- Þrjár stillingar á víbring.
- Fer lengra inn í vöðvann og fer betur með hann en venjuleg rúlla.
- Vyperinn er miklu fljótari að vinna en venjuleg foamrúlla.
- Hefur fengið mikla umfjöllun, fjölda verðlauna og viðurkenninga.

feetures®

Frábært jólaverð 1.990 - 6.990 kr.

Feetures sokkar

- Feetures eru með nálægt 40% markaðshlutdeild í USA
- Feetures eru með „heel lock" og renna ekki niður, saumalaus táhetta, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót.
- Þrýstisokkarnir auka blóðflæðið í gegnum vöðvann.
- Frábært við beinhimnubólgu og öðrum festuvandamálum.

Frábært jólaverð 3.990 kr.*

Icespike hálkuskrúfur

Skrúfugaddar sem eru settir undir hlaupaskó, vinnuskó og aðra skó sem nota á í hálku.

- Endast yfir 800 kílómetra eða lengur en nokkur önnur hálkuvörn
- Frábærir undir vöðlur og vinnuskó
- Skemma ekki skóna, ekkert mál að skrúfa úr

* Verð kr. 3.990 ef við setjum undir skóna, kr. 4.990 með skrúfjárni og auka skrúfum

OOFOS®

Frábært jólaverð 7.990 kr.

Ofoos sandalar

Ofoos sandalinn er hannaður fyrir betri endurheimt eftir erfiði. Loksins komin dúnamjúkur sandali sem er góður fyrir fæturnar og á góðu verði.

- 37% meiri höggdempun en venjulegir foam skór
- Ofoom ýtir högginu við niðurstig út til hliðanna
- Minnkar álag á sárar fætur, hné og bak
- Lokaðar foam sellur loka á táfýlu
- Má þvo í þvottavél og fljóta í vatni
- Bakteríufráhrindandi fótbeð

BROOKS

Skór ársins!

Brooks skór 17.990 - 24.990 kr.

Ghost er söluhæsti einstaki skórinn í hlaupaverslunum í USA og í Evrópu 3. ár í röð. Adrenline söluhæsti stöðugi skorinn 6. árið í röð. Allir helstu skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá Runners world síðustu þremur árum. Frábærir skór á frábæru verði!

EINS OG FÆTUR TOGA
www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100